

## Reglur um skólavist fósturbarna í leik- og grunnskóla í Dalabyggð

### 1. gr.

Sveitarfélag getur óskað eftir því að Sveitarfélagið Dalabyggð veiti barni í viðkomandi sveitarfélagi skólavist í Auðarskóla, leik- og grunnskóla. Skrifleg umsókn um skólavist barns, ásamt nauðsynlegum gögnum verður að berast sveitarstjóra og skólustjóra Auðarskóla.

### 2. gr.

Sveitarfélagið Dalabyggð leggur áherslu á að áður en barni er útvegað fósturheimili í sveitarfélaginu að farið sé eftir 5. gr. og 6. gr. reglugerðar nr. 547/2012 um skólagöngu fósturbarna í grunnskólum.

### 5. gr. *Sjónarmið við val á fósturheimili.*

Þegar tillaga barnaverndarnefndar um val á fósturheimili liggur fyrir, en áður en barni er ráðstafað í fóstur, skal nefndin láta kanna aðstæður til menntunar í samráði við skólayfirvöld í fyrirhuguðu viðtökusveitarfélagi og leggja mat á möguleika viðkomandi grunnskóla og skólaþjónustu viðtökusveitarfélags til að koma til móts við þarfir barnsins.

### 6. gr. *Framkvæmd könnunar*

Við könnun á aðstæðum skv. 5. gr. kallar barnaverndarnefnd, eða sá aðili sem annast verkefnið í hennar umboði, eftir munnlegum eða skriflegum upplýsingum frá skólustjóra, skólanefnd, skólaþjónustu eða öðrum til þess bærum aðila hjá viðkomandi sveitarfélagi eftir því sem þörf krefur.

Við könnunina skal tekið mið af þörfum barns fyrir sérstakan stuðning í námi og kennslu og möguleika sveitarfélags og skóla til þess að veita slíkan stuðning. Einnig skal afla upplýsinga um fjarlægð frá heimili til skóla og skipulag skólaaksturs í sveitarfélaginu, auk annarra upplýsinga sem barnaverndarnefnd telur mikilvægar með hliðsjón af velferð og aðstæðum barnsins.

Ef ætla má eftir könnun á aðstæðum að ekki sé að óbreyttu unnt að koma til móts við þarfir barns ber barnaverndarnefnd og skólayfirvöldum í viðtökusveitarfélagi að skoða í sameiningu hvernig unnt sé að ráða bót á þeim í tengslum við fyrirhugað fóstur. Reynist það ekki mögulegt innan ásættanlegs frests skal barnaverndarnefnd meta aðra kosti sem betur geti mætt þörfum barnsins, þ.m.t. um skólagöngu, nema sýnt þyki að aðrir þættir, svo sem skyldleiki eða tengsl fósturforeldris við barn, vegi afgerandi þyngra á metum.

Að lokinni könnun og mati skv. þessari grein tekur barnaverndarnefnd eða starfsmenn hennar, endanlega ákvörðun um ráðstöfun barns á fósturheimili.

### 3. gr.

Skrifleg umsókn um skólavist barns ásamt nauðsynlegum gögnum verður að berast sveitarfélaginu Dalabyggð svo að sveitarstjóri og skólastjóri geti hafið undirbúning skólavistar nemenda í leik- og grunnskóla Dalabyggðar. Tölvupóstur telst vera skrifleg umsókn. Umsóknir skulu berast sveitarstjóra Dalabyggðar, [sveitarstjori@dalir.is](mailto:sveitarstjori@dalir.is)

Nauðsynleg gögn í umsókn:

- Nafn, kennitala og heimilisfang nemanda.
- Samþykki lögheimilissveitarfélags fyrir skólavist.
- Nafn, símanúmer og netfang tengils barns hjá barnaverndarnefnd/skólaskrifstofu.
- Upplýsingar um skólagöngu, öll gögn frá skóla viðkomandi barns og skrifleg umsögn skóla um stöðu barnsins í námi og þroska, nafn og netfang umsjónarkennara eða deildarstjóra.
- Greiningar, sálfræðiniðurstöður, heilbrigðisupplýsingar eftir því sem við á.
- Upplýsingar um samskipti/aðkomu kynforeldra barns að upplýsingum um/við barnið.
- Aðrar upplýsingar sem nauðsynlegt er að komi fram, s.s. neysla vímuefna, hegðunarvandi, misnotkun, heimilisaðstæður o.fl.

### 4. gr.

Þegar umsókn hefur borist er haldinn umsóknarfundur. Hann sitja:

- skólastjóri
- sérkennari
- umsjónarkennari
- sálfræðingur
- í einhverjum tilfellum skólahjúkrunarfræðingur

Á fundi þessum er farið yfir fyrirbyggjandi gögn og ákveðið hvort kallað er eftir frekari gögnum. Fundurinn ákveður nauðsynlegt utanumhald, stuðning a.m.k fyrstu 3 mánuðina, sérfræðiþjónustu og sendir tengli barnsins hjá lögheimilissveitarfélagi niðurstöðu. Hugsanlegur kostnaður vegna þessa skal koma skýrt fram í niðurstöðum til tengils. Ef sértækra stuðningsúrræða og sérkennslu er þörf er lögð áhersla á að samþykki liggja fyrir hjá lögheimilissveitarfélagi um fjármagn vegna þeirra. Þá er það metið í hverju tilfelli fyrir sig hversu langur tími sé eðlilegur í aðlögun á fósturheimili áður en til skólagöngu kemur, að lágmarki 5 dagar, nema gild rök séu fyrir öðru.

5. gr

Samþykki tengill/barnaverndarnefnd/skólaskrifstofa lögheimilissveitarfélags áætlun Auðarskóla er boðað til fundar með tengli barnsins/barnaverndarnefnd lögheimilissveitarfélags og fósturforeldrum.

- Farið er yfir umfang og eðli utanumhalds og skriflegt samþykki barnaverndarnefndar/skólaskrifstofu fyrir áætlun liggur fyrir.
- Farið yfir upplýsingablað um barn og fósturheimili.
- Fastir fundir með tengli barnsins ákveðin út vistunartímabil. Ávallt skal ákveðinn fundur til að meta fyrstu skrefin að þremur viknum liðnum frá upphafi skólavistar.
- Fundur með barni og fósturforeldrum ákveðinn, með hliðsjón af því að nauðsynleg stuðningsúrræði séu til staðar ef þörf er á (ráðningarferli sé lokið).

6. gr.

Fundur er haldinn með kennurum og starfsfólki þar sem farið er yfir nauðsynleg atriði er varða nám, líðan og önnur atriði sem huga þarf að vegna nemandans. Einnig farið yfir bakgrunn nemanda til að starfsfólk sé undirbúið ef til sértækra aðstæðna kemur í umgengni við barnið.

7. gr.

Fundur er haldinn með barni og fósturforeldrum, skólastjóra, umsjónarkennara, sérkennslustjóra, sérfræðingi og sérkennara eftir því sem við á. Á slíkum fundi skal farið yfir eftirfarandi atriði:

- Farið yfir stundaskrá/skipulag nemanda.
- Farið yfir upplýsingar í skráningarkerfum s.s. Mentor.
- Farið yfir praktísk mál, s.s. skólabíla o.fl.
- Nemandi fær skólareglur.
- Farið yfir stuðningsúrræði.

Að þessu loknu hefur nemandi skólagöngu í Auðarskóla.

*Reglur þessar voru samþykktar á 117. fundi Fræðslunefndar þann 31. janúar 2023 og staðfestar í sveitarstjórn þann 9. febrúar 2023.*